

markaði sjer og seldi síðan út í hreppa í apríl-mánuði 1894, sjerstaklega hvort lamb þetta hafi sjálfkrafa verið komið saman við hans eigið fje.

7. Hvernig hlutdeild hinnar meðákærðu, Guðrúnar Jónsdóttur, í öllum afbrotum manns hennar, Ingvars Sveinssonar, hafi verið varið, og verður að skýra það mikið nákvæmar en gjört hefir verið.

8. Þá þarf að taka fyrir rjetti skýrslur eigenda hinna stolnu kinda, ullar og viðar, um eignarrjett þeirra og iðgjaldakröfur.

9. Ennfremur vantar skýrslu um siðferðisástand hinna ákærðu að öðru leyti, um uppfræðslu þeirra og menntunarástand.

10. Svo verður undirdómarinn og að útvega allar aðrar skýrslur til upplýsingar málinu, sem hinar heimtuðu skýrslur kunna að gefa tilefni til.

Fyrir því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega allar ofantaldar skýrslur, svo fljótt sem unnt er.

Nr. 56/1895.

Rjettvísín

gegn

Bjarna Eyjólfssyni, Guðmundi Þorgilssyni
og Ólafi Teitssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur verður lagður á þetta mál,

ber hlutaðeigandi hjeradsdómara að útvega skýrslur um það sem nú skal greina:

1. Hvernig landslagi sje háttað þar, sem hinir ákærðu skildu kindurnar eptir og tálguðu af klaufum þeirra; hvort þar sjeu hæðir eða annað afdrep fyrir skepnur; hvort kindur þær, er fundust dauðar, voru á sama stað, sem þær voru skildar eptir á, og hafi það ekki verið, hve langt það hafi verið frá þeim stað, er þær voru látnar eptir á, og hvernig land yfir að fara þangað.

2. Hvaða dag í júlímánuði kindurnar hafi verið reknar, og hvaða dag Guðmundur Jónsson á Setbergi fann þær.

3. Hvernig klaufirnar hafi verið á sig komnar á hinum dauðu kindum, þegar Guðmundur fann þær, og hvort hinar lifandi kindur, sem tálgað var af klaufunum á, hafi átt svo illt með að ganga, að Guðmundur hafi getað handsamað þær, og hvernig klaufirnar hafi verið útlits á þeim kindum. Hvernig veður hafi verið þann dag, er hinir ákærðu ráku kindurnar, og hvernig það hafi verið frá þeim degi og þangað til þær fundust.

4. Í hvaða holdum kindurnar, sem drápust, hafi verið, og hvort þær hafi verið mjög svangar, þegar þær fundust, og hvaða dag þær hafi verið rúnar.

5. Hvort kindurnar hafi verið sauðir eða ær, og á hvaða aldri.

6. Hvaða þátt hinir ákærðu, Ólafur og Guðmundur, hafi tekið hvor fyrir sig í tálguninni,

sjerstaklega með tilliti til þess, er í vörninni í hjeraði segir um það efni.

7. Hvað rjett sje í því, er í vörninni segir, að þrjár kindur aðrar (óklauftálgaðar), en nýrúnar, hafi króknað á fjallinu þessa sömu daga.

Dómaranum ber um þessi atriði að prófa alla þá, er álitast geta nokkuð um þau borið, og upplýsa málið auk þess, eptir því sem hinar nýju skýrslur kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber sem fyrst að útvega framangreindar skýrslur og aðrar upplýsingar, sem þær kunna að gefa tilefni til.

Nr. 41/1895.

Eiríkur Filippusson
gegn

Filippusi Filippussyni.

Dómur:

Með því að hinum reglulega dómara, sem fyrst hafði mál þetta til meðferðar, gaf út hjeradsrjettarstefnu í því og þingaði í því 20. september 1894, ekki hefir verið stefnt fyrir yfirdóminn við áfrýjun þess, eins og fyrir er mælt í NL. 1—2—3, verður ex officio að frávísa sökinni, og getur áfrýjandi eptir þessum úrslitum eigi komið hjá að greiða stefnda eptir kröfu hans hæfilegt ómaksgjald, er ákveðst 6 kr.